

EFTIRLITSSKÝRSLA

N-lax ehf. Laxamýri



Dags eftirlits	3.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	N-lax ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Laxamýri, Húsavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	551009-1220	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H. Björnsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Hallgrímur Hjálmarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar framleiðslumagn og þrjár ábendingar eru settar fram er varða aðgreiningu starfsleyfa á tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda, merkingar á niðurstöðum mælinga í frárennsli og að óska hafi þurft ítrekað um nauðsynleg gögn vegna etirlitsins.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um litla landeldisstöð er að ræða með leyfi fyrir allt að 20t ársframleiðslu af laxi, regnbogasilungi og bleikju og eru ker staðsett bæði innan- og utandyra. Stöðin stendur í landi Laxamýri við bakka Laxár í Aðaldal. Frárennslið liggur yfir í settjörn og þaðan í læk sem rennur um 1,7 km niður í Laxá. Allt innrennsli í stöðina er sjálfrennandi. Nýtt starfsleyfi rekstraraðila er í vinnslu en núverandi leyfi rann út þann 20. mars sl. Undanþága vegna vinnslu starfsleyfis hefur verið veitt til 20. mars 2024 eða þar til nýtt leyfi hefur verið gefið út.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð

Eftirlitið var tvískipt, annars vegar var farin vettvangsheimsókn í eldisstöðina þann 25. apríl sl. og hins vegar fundað með rekstraraðila í gegnum TEAMS fund þann 3. maí sl.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram í síðasta eftirliti, árið 2022 og engin ábending sett fram.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Fyrirhugað er að slátra öllum regnbogasilungi úr stöðinni og að þar verði einungis villt laxaseiði alin til sleppingar. Framleiðslumagn var 25,4 tonn árið 2022 og er það umfram 20 tonna framleiðsluheimild starfsleyfisins og er því um frávik að ræða. Unnið er að umsókn rekstraraðila um starfsleyfi fyrir allt að 50 tonna leyfi. Engar breytingar hafa verið gerðar á starfseminni, húsakosti eða fóðurgjöf frá síðasta eftirliti.

Alls voru gefin um, 40t af fóðri, samtals í báðum stöðvum N-Lax árið 2022. Bent er á að aðskilja þarf betur fóðurtölur fyrir stöðvarnar í Laxamýri og Auðbrekku þar sem um tvö starfsleyfi er að ræða á sitthvorum staðnum.

Áætlanir hafa verið uppfærðar í tengslum við umsókn um nýtt starfsleyfi. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er í gildi en bent er á að skila þarf inn tryggingaskírteini fyrir hvert og eitt starfsleyfi rekstraraðila. Ekki er heimilt að tilgreina

mörg leyfi á sama skírteininu og verður að koma skýrt fram fyrir hvaða starfsstöð tryggingin gildir.

Gengið var niður að settjörnunum tveim og frárennslið úr þeim skoðað, sem og rist úr settjörn og yfir í viðtaka. Ekki var að sjá neina óeðlilega uppsöfnun við útrásina, engar fódurleifar að sjá né óvenjulegur litur eða slý. Stöðin er snyrtilæg á að líta og umgengni almennt góð. Engar ábendingar eru gerðar þar um.

Dauðfiski er safnað saman í kar og farið með á móttökustöð úrgangs á vegum Íslenska gámafélagsins, að Víðimóum, eftir þörfum, en magnið er óverulegt, nokkrir fiskar á viku. Engin spilliefni eru í stöðinni annað en óverulegt magn af sápu og formalíni. Olía er í vararafstöð sem geymd er innandyra á steypu gólfi. Engin niðurföll eru í rýminu. Rekstraraðili nýtir seyru frá settjörn til uppgræðslu á eigin land.

Haldið er utanum skráningar í dagbókum og á skráningablöðum sem geymd eru í möppum. Bent er á að setja skráningarnar upp á rafrænu formi svo auðveldara sé að taka saman gögn frá framleiðslunni. Daglega er skráð magn dauðfisks, hiti, gefið fódurmagn og O₂. Mælingar á vatni voru síðast gerðar þann 6. janúar 2023. Gerð er ábending um að merkja þurfi niðurstöður sýnatöku betur svo sjá megi við hvaða mælistað niðurstöðurnar eiga. Einnig skal reikna magn losunarefna í kg/tonn af framleiddum fiski.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Ákvæðum starfsleyfis

Starfsleyfið er gefið út með 20 tonna framleiðsluheimild á ári. Framleiðslumagn ársins 2022 var um 25 tonn. Rekstraraðili hefur sent inn umsókn til eftirlitsaðila um aukið umfang, eða allt að 50 tonnum á ári og er sú umsókn enn í vinnslu.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að skila þarf inn tryggingaskírteini fyrir hvert og eitt starfsleyfi rekstraraðila. Ekki er heimilt að tilgreina mörg leyfi á sama skírteininu og verður að koma skýrt fram fyrir hvaða starfsstöð tryggingin gildir.

Ábending er sett fram um að merkja þurfi niðurstöður sýnatöku betur svo sjá megi við hvaða mælistað niðurstöðurnar eiga. Einnig skal taka viðmiðunarsýni fyrir núllpunkt og reikna skal magn losunarefna í kg/tonn af framleiddum fiski.

Ábending er einnig sett fram um að ítrekað þurfti að kalla eftir nauðsynlegum gögnum að eftirliti loknu en skv.57. gr. rg. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal rekstraraðili afla allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins.

ANNAÐ


Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en héðan í frá verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.05.2023



Guðbjörg Stella Árnadóttir

